

SAMPYKT

um

49
25. apríl**lokunartíma sölubúða í Akureyrarkaupstað.****1. gr.**

Allar sölubúðir í Akureyrarkaupstað, að undanskildum þeim sölubúðum, sem eingöngu versla með brauð og mjólk, skulu vera lokaðar eftir því, sem ákveðið er í 2. og 4. gr.

2. gr.

Sölubúðir skulu ekki opnaðar fyr en kl. 9 árdegis.

3. gr.

Sölubúðum skal lokað eigi síðar en kl. 7 að kvöldi alla virka daga ársins. — Aðfangadag jóla og gamlárskvöld skal öllum sölubúðum lokað eigi síðar en kl. 4 síðdegis. — Síðasta virkan dag fyrir aðfangadag jóla skal heimilt að hafa sölubúðir opnar til kl. 11 síðdegis.

4. gr.

Almenna helgidaga, sumardaginn fyrsta, 17. júní og 1. desember mega engar sölubúðir vera opnar.

5. gr.

Eftir lokunartíma sölubúða er óheimilt að selja á strætum og torgum, eða annarsstaðar utan sölubúða kaupmanna, nema úr sjálf-sölum, nokkurn þann varning, sem ekki má selja nema samkvæmt verslunarleyfi. Heimilt er þó að selja einnig á þeim tíma kol, salt, veiðarfæri og skipsforða handa skipum, og sömuleiðis er leyfilegt að taka á móti innlendum vörum aðkomumanna í geymsluhúsum kaupmanna.

6. gr.

Menn, sem komnir eru inn í verslun fyrir lokunartíma, er heimilt að afgreiða eftir að lokað er.

7. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum, 20—500 kr., og renna sektirnar í bæjarsjóð. Mál út af brotum gegn samþykkt þessari skal reka sem almenn lögreglumál.

49
25. apríl

8. gr.

Með samþykkt þessari er úr gildi numin samþykkt um lokunartíma sölubúða á Akureyrarkaupstað frá 10. júlí 1923.

Samþykkt þessi staðfestist hjermeð samkvæmt lögum nr. 79, 14. nóv. 1917, sbr. lög nr. 9, 2. ágúst 1918, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 25. apríl 1928.

Tryggvi Þórhallsson.

Vigfús Einarsson.

SAMÞYKKT

um

50
6. júní **þyngd bakarabrauða brauðgerðarhúsa í Siglufjarðarkaupstað.**

1. gr.

Þyngd bakarabrauða, bakaðra frá brauðgerðarhúsum innan lög-sagnarumdæmis Siglufjarðar skal vera sem hjer segir:

1. Rúgbrauð heil	3000 gr.
2. Rúgbrauð hálf	1500 —
3. Hveitibrauð (franskbrauð) heil	500 —
4. Hveitibrauð (franskbrauð) hálf	250 —
5. Sigtibrauð, heil	500 —
6. Sigtibrauð, hálf	250 —
7. Súrbrauð, heil	500 —
8. Súrbrauð, hálf	250 —
9. Landbrauð, heil	500 —
10. Landbrauð, hálf	250 —
11. Normal og hálfsgitibrauð, heil	2500 —
12. Normal og hálfsgitibrauð, hálf	1250 —
13. Hveitihleifar	1500 —

2. gr.

Óheimilt er að selja brauð þau, er að ofan greinir, með minni þyngd en segir í 1. gr., er þau eru vegin nýbökuð, en þó kólnuð svo, að